

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2010 miðvikudaginn 12. maí kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 169. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 11:30. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð. Í upphafi fundar gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins 3. lið verði tekin fundargerð 110. fundar fræðsluráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2009. Síðari umræða. Skrifstofustjóri Guðrún Ragnarsdóttir mætti á fundinn og skýrði ýmis atriði reikninganna. Að loknum umræðum var ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2009 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá Oddi Sigurðarsyni við atkvæðagreiðsluna. „Ég er ósáttur við að í meðferð sveitarstjórnar á ársreikningi sveitarsjóðs fyrir árið 2009 skuli ekki öll stofnbréf sveitarsjóðs í Sparisjóðnum í Keflavík vera afskrifuð. Sérstaklega í ljósi þess að Sparisjóður Keflavíkur er farinn í þrot og öll stofnbréf í honum því verðlaus, það gerist á meðan ársreikningurinn er til meðferðar í sveitarstjórn og því hæg heimatökin að breyta ársreikningnum. Ákvörðun um kaup á auknu stofnfé á þessu kjörtímabili er alfarið ákvörðun núverandi sveitarstjórnar og ætti hún því að klára málið.“ Oddur Sigurðarson. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá meirihluta sveitarstjórnar: „Niðurstaða ársreikningsins samstæðu A- og B- hluta sveitarfélagsins er neikvæð um kr. 208,5 millj. og því ekki í samræmi við áform sveitarstjórnar sem fram komu í fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Megin ástæða neikvæðrar afkomu sveitarfélagsins er niðurskrift á eignarhlut í Sparisjóði Keflavíkur kr. 165 millj. Frá því ársreikningur ársins 2009 var lagður fram við fyrri umræðu í sveitarstjórn þann 14. apríl sl. hefur Fjármálaeftirlitið tekið yfir rekstur Sparisjóðs Keflavíkur og ljóst er að allt stofnfé Húnaþings vestra í sparisjóðnum er tapað. Að áliti endurskoðanda sveitarfélagsins er talið rétt og eðlilegt að við gerð og afgreiðslu ársreiknings ársins 2010 verði tekið tillit til þessa og að það stofnfé sem ekki hefur þegar verið afskrifað, alls kr. 14.754.309-, verði þá fært niður að fullu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu stendur fjárhagur Húnaþings vestra vel innan marka Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga auk þess sem gætt hefur verið aðhalds og hagræðingar í rekstri. Sterk fjárhagsstaða Húnaþings vestra er afar mikilvæg í þeirri óvissu sem nú ríkir um fjármál hins opinbera og skapar sveitarfélaginu góða stöðu til að standa vörð um viðurkennda grunnþjónustu, íbúum og samfélagi til heilla.“ Þá var lögð fram svohljóðandi bókun: „Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins voru í árslok 2009 tæplega 851 milljón. Heildareignir 1.532 milljónir á sama tíma.“ Oddur Sigurðarson.
2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
 - a) Fundargerð 644. fundar 19. apríl. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

- b) Fundargerð 645. fundar 26. apríl. Fundargerð í 10 liðum. Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Aðrir liðir samþykktir með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 646. fundar 3. maí. Fundargerð í 7 liðum. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 5 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Lögð var fram svohljóðandi bókun vegna 6. liðar: „Áætluðum kostnaði sem er 1 milljón kr. er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.“ Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri bókun og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir samþykktir með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 647. fundar 10. maí. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerðir fræðsluráðs. Oddviti kynnti.
- a) Fundargerðir 110. fundar 20. apríl. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 111. fundar 6. maí. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 178. fundar skipulags- og umhverfisráðs 10. maí. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd sveitarstjórnar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra færir íbúum sveitarfélagsins, starfsmönnum og nefndarmönnum og fundarritara þakkir fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem nú er að líða.“

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 13:55.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Halldór Sigfússon(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).